

6. gr.

Auðkenning litaðrar olíu.

Hverjum þeim sem fær afhenta litaða olíu er skylt að auðkenna sérstaklega tank eða geymi undir litaða olíu.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Hver sá sem notar litaða olíu skv. reglugerð þessari og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal hvenær sem óskað er eftir veita ríkisskattstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um að kaup á litaðri olíu og olíunotkun ökutækja í hans eigu og/eða umráðum sé í samræmi við reglugerð þessa.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 23. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Deiliskipulag þúttvallar við Vífilsstaðaveg samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðis sem liggur á milli Vífilsstaðavegar og Hofsstaðabrautar austan við Kirkjulund og vestan við íbúðabyggð við Hofslund þar sem m.a. er gert ráð fyrir þúttvelli við Vífilsstaðaveg.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingar samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ sem hafa fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Breyting á deiliskipulagi Akra vegna nýrra spennistöðva.

Í breytingu felst að gert er ráð fyrir tveimur nýjum lóðum fyrir spennistöðvar að Ökrum (áður nefnt Arnarnesland).

Breyting á deiliskipulagi við Súlunes 8 í Arnarnesi.

Í breytingunni felst að heimilt verður að hækka hús að hluta fyrir um 7,5 m² turnbyggingu við Súlunes 8.

Breytingar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ sem hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Breyting á deiliskipulagi við Sigurhæð 15.

Í breytingunni felst að byggingarreitur við Sigurhæð 15 stækkar til SA.

Breyting á deiliskipulagi Akra við Árakur 1 og Hallakur 2-4.

Í breytingunni felst m.a. að felld er niður bindandi byggingarlína á lóðum við Árakur 1 og Hallakur 2-4.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 23. júní 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, Holts-, Haga- og Hólmaflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 5 og 6 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að stærð byggingarreita stækkar úr 16 x 16 m í 16 x 18 m á lóðunum nr. 1, 3 og 5 við Hagaflöt og lóðunum nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 10 við Hólmaflöt. Byggingarreitur lóðarinnar nr. 7 við Hólmaflöt stækkar úr 16 x 16 m í 17 x 19 m. Þá stækkar byggingarreitur lóðarinnar nr. 8 við Hólmaflöt úr 16 x 16 m í 18 x 19 m. Byggingarreitur lóðarinnar nr. 2 við Holtsflöt stækkar úr 16 x 16 m í 18 x 18 m. Breidd gangstétta breytist almennt úr 1,8 m í 2,0 m. Breidd akbrauta verður óbreytt en aðliggjandi lóðadýpt minnkar um 0,2 m. Lóðamörk lóðanna nr. 2 og 4 við Holtsflöt breytast þannig að lóðirnar stækka lítillega. Lögungangstígs milli lóðanna nr. 4 og 6 við Holtsflöt er breytt. Lóðin nr. 5 við Hagaflöt er lítillega skert vegna breyttrar legu gangstígs. Á lóðunum nr. 2, 4, 6, 8 og 10 er bindandi byggingarlína felld niður.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. júní 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.